

Fundur hjá foreldrafélaginu 15.janúar 2017

Heima hjá Auði, Múlavegi kl. 14.00.

Mættar eru Elva, Jóhanna, Eva, Auður, Tinna og Sigga sem ritar fundargerð.

Skólaráðsfundur

Nemendaráð, rætt um hvort nemendur viti að nemendaráð og skólaráðið eru þeirra vettvangur til að koma sínum hagsmunamálum á framfæri. Unglingastigið var óánægt með að þurfa allt í einu að vera úti í frímínútum, nemendaráð tók það mál fyrir og fengu réttan farveg og góða lausn. Einnig voru eineltismál tekin fyrir á fundinum og kemur skólinn betur út úr Olweusar könnunum en oft áður (upplýsingar fengnar utan fundarins), stefnt er að menningarmóti (þar sem blandað saman ólíkum menningarheimum). Deiglan er nýr flipi á heimasíðu skólans og þar er að finna lista yfir allt það sem starfsfólk og nemendur Seyðisfjarðarskóla eru að vinna í á yfirstandandi skólaári, til að laga skólastarfið að breyttri skólastefnu og sameiningu skólastiganna.

Mötuneyti

Unnið er að nemendalýðræði í skólanum og spurning hvort nemendur gætu þá haft meiri áhrif á matseðilinn. Geta þau fengið að skammta sér sjálf og væri hægt að fá salatbar (sem þarf ekki að vera flóknara en nokkrar skálar með fersku grænmeti). Hvernig getum við mætt þörfum barnanna og spyrnt gegn matarsóun? Getur foreldrafélagið keypt eitthvað t.d. grænmetisskerara til að auðvelda Rögggu salatbarinn í ljósi umræðunnar á síðasta skólaráðsfundi? Elva tekur þetta upp á næsta skólaráðsfundi.

Sparkvöllur: ályktun send á Velferðarnefnd, Bæjarráð/bæjarstjórn. Áhersla hjá velferðarnefnd. (Tinna sendir á okkur). Í raun komu engin svör. Taka vel í að við verðum með vinnuframlag en segja ekkert um fjárveitingu í verkefnið. Við viljum alvöru svar, á að fara í vinnu við sparkvöllinn? Við viljum fá konkret já eða nei svar.

Námskeið á vorönn

Rætt um ýmsar hugmyndir, valmöguleika og næstu skref:

- Kristín Tómasdóttir og Bjarni Fritz, sjálfstyrkingarnámskeið fyrir stelpur og stráka. Auður sendir á okkur texta til að við getum kynnt fyrir Ómari/Síldarvinnslunni. *Fyrir börn.*
- Örnámskeið; matreiðsla í umsjón Diljá, Andra eða Evu, *fyrir foreldra og börn, með áherslu á að foreldrar og börn eru að gera eitthvað uppbyggjandi saman.* Tinna ætlar að kanna áhuga á námskeiði á þessari önn.
- Allir boltar á lofti: Raket Lind Sigurbjörnsdóttir. Námskeið um mörg hlutverk foreldra og hvernig við höldum öllum boltunum okkar á lofti. Forgangsröðun verkefna. *Fyrir foreldra.* Hægt að skoða fyrir næsta ár.
- Hugarfrelsi; námskeið fyrir börn. Röð námskeiða um allt land. Margra vikna námskeið, sjálfstyrking. Tæki fyrir ró og kvíða. Hægt að skoða fyrir næsta ár.

Viðburðir á vorönn:

Vorverkadagur; foreldrar leggja fram vinnu á róló og sparkvelli. Það er búið að kaupa útikörfu og nú á að setja hana upp á innri vellinum fyrir aftan skólann, væri eitt af því sem unnið yrði á vorverkadegi. Hinn hluti vallarins yrði flotaður og þar yrði byggt upp brettasvæði. Kristján Loðmfjörð er fyrrum brettagarður og getur verið ráðgefandi um hvað er sniðugt að gera og hvernig. Við verðum að halda okkur á tánnum, vera mjög meðvitaðar um hvað það er sem við viljum nákvæmlega gera á vorverkadeginum.

Skólagögn

Við ættum að taka þetta upp á aðalfundinum í vor. Sumir skólar greiða skólagögnin. 44 sveitafélög hafa tekið þetta upp, svo þetta er að fara gerast alls staðar og við ættum að hafa milligöngu um að svo verði einnig hér. Skólagögn myndu nýtast betur og minna bruðl.

Barnasáttmálinn kveður á réttindi barna til náms. Skólaskylda á Íslandi, því er rökrétt að sveitafélagið sjái börnum fyrir skólagögnum og leggja aukið fjármagn til skólanna svo það sé hægt.

Tenglakrís

Tenglarstarfið rætt og ákveðið að setja í salt í bili, skoðum það seinna. Heimili og skóli eru að skoða allt sitt fræðsluefni og það kemur út í haust.

Fundi slitið kl. 15.50